



Hreppsnefnd 17.12.03

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 17. des. 2003 kl. 1600 í Miklagarði.

Mættir voru: Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár, en áætlað var að fundurinn yrði haldinn 18. des., en samþykkt var að flýta honum til 17. des.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 27. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 27. nóv. sl. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina og var hún síðan samþykkt.

2. mál Fundargerðir bygginganefndar frá 28. nóv. og 5. des. sl.

Lagðar fram fundargerðir bygginganefndar frá 28. nóv. sl. og 5. des. sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðar frá 28. nóv. sl. og gerði grein fyrir vinnu við gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið og spurðist jafnframt fyrir um hvort ekki væri æskilegt að fá höfund skipulagsins á fund hreppsnefndar. Fundarmenn töldu slíkt æskilegt. Ennfremur var spurt um niðurrif fjárhúsa sbr. 1. tl. fundargerðarinnar og einnig spurst fyrir um frágang á svæði Shell sbr. 2. tl. fundargerðar frá 5. des. sl. Sveitarstjóri svaraði fram komnum fyrirspurnum.

Fundargerðirnar voru síðan samþykktar með 7 atkv.

3. mál. Álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2004.

Lagt fram bréf dags. 4. des. sl., frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga, þar sem minnt er á að tilkynna þarf álagningarprósentu útsvars fyrir tekjuárið 2004 til fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. des. nk.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að álagt útsvar á Vopnafirði tekjuárið 2004 verði 13,03 % af útsvarsstofni.”

Tillagan samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum.

Í framhaldi af þessu var fjallað um heimild til handa sveitarstjóra til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur meðan fjárhagsáætlun næsta árs hefur ekki verið samþykkt.

Lögð fram svofelld tillaga :

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur úr sveitarsjóði á árinu 2004, meðan fjárhagsáætlun ársins hefur ekki verið samþykkt.”

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

4. mál. Byggðakvóti, endanleg skipting, sbr. og 8.tl. fundargerðar hreppsnefndar frá 14. nóv. sl. og 4. tl. fundargerðar frá 27. nóv. sl.

Gerð grein fyrir málinu, en um það hefur áður verið fjallað í tvígang í hreppsnefnd.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að breyta fyrri ákvörðun sinni þannig að í grunninn verði miðað við að sjávarútvegsráðuneytið úthluti byggðakvóta Vopnafjarðarhrepps í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 596, frá 8. ágúst 2003, með þeirri breytingu að skip stærri en 1000 brúttótonn fái ekki úthlutun og skal magn sem annars hefði farið til þeirra dreift á alla aðra báta, þó þannig að ekkert skip fái meira en 15.000 kg.

Forsenda úthlutunarinnar er að aflanum verði landað til vinnslu í sveitarfélaginu og að leitast verði við að fá annað eins á móti.”

Jafnframt var lagt fram yfirlit sem sýnir annars vegar hvernig úthlutunin er miðað við 3. gr. og hins vegar með þessari breytingu sem fram kemur í fyrirliggjandi tillögu.

Allmiklar umræður urðu um fyrirliggjandi tillögu og hvernig bæri að afgreiða málið.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan borun undir atkvæði og var hún samþ. með 3 atkvæðum, 3 sátu hjá, 1 greiddi atkvæði á móti. 2 gerðu grein fyrir hjásetu sinni.

Því næst lagði Björn Halldórsson fram svofellda bókun:

“Vegna afgreiðslu sveitarstjórnar Vopnafjarðar á úthlutun byggðakvóta vil ég undirritaður taka eftirfarandi fram:

Þegar tekið er sæti í sveitarstjórn fylgja því ýmsar kvaðir og mönnum er gert að fara eftir lögum og reglum sem ákveðið hefur verið að gildi við störf sveitarstjórna. Ein af þeim reglum er reglan um vanhæfi manna við afgreiðslu mála. Núverandi meirihluti sveitarstjórnar Vopnafjarðar hefur umgengist þessa reglu af miklu “frjálsræði” þegar þeirra menn hafa átt í hlut en gert “eðlilegar” kröfur á minnihlutann.

Með þeirri afgreiðslu sem hér hefur farið fram hafa menn gengið skrefi lengra en áður hefur gerst á núverandi kjörtímabili. Svo langt hefur verið gengið að ekki dugar lengur að “nöldra bara”. Ég sé mig því tilknúinn að setja þessa bókun í fundargerðina til að halda þeim möguleika opnum að kæra málsmeðferðina til Félagsmálaráðuneytisins.”

5. mál. Íslandspóstur, fyrirhugaðar breytingar á þjónustu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hugmyndum Íslandspósts um breytt rekstrarfyrirkomulag á póshúsinu.

Þar komu fram ýmsir valkostir sem nefndir hefðu verið í stöðunni.

Mikil umræða var um þetta mál.

Samþykkt að Vopnafjarðarhreppur leiti eftir því hvort ekki sé mögulegt að fá peningastofnun í samvinnu við Íslandspóst í núverandi húsnæði.

Samþykkt með 7 atkv.

6 mál. Vegagerð milli Bakkafjarðar og Þórshafnar.

Gerð var grein fyrir framkvæmdum við endurbyggingu og nýbyggingu á veginum milli Bakkafjarðar og Þórshafnar, þar sem teknir eru kaflar á Brekknaheiði yfir Geysirófu, við Finnafjarðará, Saurbæjará og við Djúpalæk.

Síðan lögð fram svofelld ályktun:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps leggur áherslu á mikilvægi þess að öllum vegum sem eru ný-
eða endurbyggðir sé lokið með bundnu slitlagi. Ályktun þessi er tilkominn vegna upplýsinga um að slíkt eigi ekki að gera á þeim köflum sem verið er að endurbyggja milli Bakkafjarðar og Þórshafnar.”
Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Undir þessum lið var og fjallað um snjómokstur og hálkueyðingu og var svofelld tillaga samþykkt samhljóða:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að óska eftir því við vegagerðina að unnið verði að því að breyta framkvæmd við snjóruðning og hálkueyðingu. Sérstaklega er bent á nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða við snjóruðninginn og einnig að meiri áhersla verði lögð á hálkueyðingu en gert hefur verið fram að þessu.

Í þessu sambandi nægir að benda á mörg umferðaróhöpp á þessum vetri á Vopnafjarðarheiði og Mývatns -og Möðrudalsöræfum, sökum hálfu þrátt fyrir að veturinn hafi verið afburða snjóléttur.”

6. mál. Lántökur

Sveitarstjóri gerði grein fyrir greiðslustöðu sveitarfélagsins og fyrir nauðsynlegum lántökum.

Umræða var nokkur um málið og ýmsar upplýsingar komu fram um lánsfjárbörf sveitarfélagsins.

Kynntur var tilboðsgrunnur frá Verðbréfamiðlun Íslenskra Verðbréfa dags. í dag 17. des. 2003.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að ganga frá langtímaláni við Verðbréfamiðlun Íslenskra Verðbréfa að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. til 15-20 ára á grundvelli

fyrirliggjandi tilboðsgrunns frá Verðbréfamiðlun Íslenskra Verðbréfa dags. 17. desember 2003.”
Tillagan samþykkt með 7 atkv.

7. mál. Íbúðalánasjóður, bréf sjóðsins frá 2. des. 2003, þar sem tilkynnt er um lánsheimildir til viðbótarlána og til byggingar og/eða kaupa á leiguíbúðum.

Lögð fram bréf Íbúðalánasjóðs frá 2. des. sl. þar sem tilkynnt er um lánsheimildir til handa Vopnafjarðarhreppi, vegna viðbótarlána árið 2004 að fjárhæð 20.000 þús. kr. og til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum að fjárhæð 21.004 þús. kr.
Lagt fram til kynningar.

8. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a)Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 26. nóv. sl.
Lagt fram til kynningar.

b)Fundargerð aðalfundar héraðsnefndar Múlasýslna frá 25. nóv. sl.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.